

## Ársfundur Landspítala 2015

29. apríl á Hótel Reykjavík Nordica

### Skýringar með ársreikningi 2014

María Heimisdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs

#### Glæra 1



Heilbrigðisráðherra, ráðuneytisstjóri, landlæknir, forstjóri og aðrir ársfundargestir!

Ég mun nú gera grein fyrir ársreikningi Landspítala fyrir árið 2014.

## Glæra 2

|                                     | 2014   | 2013   | Mism.  |
|-------------------------------------|--------|--------|--------|
| <b>REKSTRARREIKNINGUR</b>           |        |        |        |
| <i>Fjárheimildir til rekstrar</i>   | 48.430 | 43.809 | 10,5%  |
| - þar af sértekjur                  | 4.876  | 4.615  | 5,6%   |
| <i>Launagjöld</i>                   | 34.720 | 31.858 | 9,0%   |
| <i>Rekstrargjöld</i>                | 12.167 | 11.730 | 3,7%   |
| <i>Stofnkostnaður og endurbætur</i> | 2.318  | 1.737  | 33,5%  |
| <i>Fjármagnsliðir</i>               | -25    | -31    | -18,6% |
| <i>Gjöld samtals</i>                | 49.179 | 45.293 | 8,6%   |
| <i>Rekstrarniðurstaða</i>           | -749   | -1.484 |        |

Heildarvelta Landspítala á árinu 2014 nam 53.188 milljónum króna. Án S-lyfja, sem greidd eru af Sjúkratrygginum Íslands, námu fjárheimildir og sértekjur ársins 48.430 milljónum og rekstrargjöld um 49.179 milljónum króna. Á milli áranna 2013 og 2014 hækkuðu rekstrargjöld spítalans um 8,6% og fjárheimildir um 10,5% á verðlagi hvors árs. Sértekjur jukust um 5,6% en sú hækkun stafar meðal annars af auknum tekjum vegna ósjúkratryggðra sjúklinga og vegna rannsóknar- og komugjalda.

Launagjöld eru langstærsti kostnaðarliðurinn eða tæplega 71% og fer það hlutfall vaxandi milli ára. Rekstrargjöld, önnur en laun, eru næst stærsti kostnaðarliðurinn eða tæplega 25% sem er heldur lægra hlutfall en áður. Gjöld vegna tækjakaupa, endurbóta og annars stofnkostnaðar námu 4,7% en voru tæplega 4% árið 2013. Þessi hækkun stafar af auknu opinberu framlagi til tækjakaupa og viðhalds. Fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld námu 25 milljónum.

Tekjuhalli ársins nam 749 milljónum króna eða um 1,4% af heildarveltu. Rétt er að halda því til haga að af þessum halla stafa 200 milljónir af ónógum launabótum

til spítalans vegna kjarasamninga fjármálaráðuneytis. Einnig má rekja 225 milljónir til nauðsynlegra kaupa á dýru lyfi til meðferðar á sjaldgæfum lífshættulegum sjúkdómi en sá kostnaður féll á LSH þó fjárheimildir til slíkra lyfjakaupa hafi verið fluttar frá Landspítala til Sjúkratrygginga Íslands árið 2009. Samtals nema þessi tveir liðir 425 milljónum sem er meira en helmingur hallans. Það má því segja að raunhalli af starfsemi sjúkrahússins á árinu 2014 sé 324 milljónir eða 0,6%.

### Glæra 3


|                                       | 2014          | 2013          | Mism.       |
|---------------------------------------|---------------|---------------|-------------|
| <b>Launagjöld</b>                     | <b>34.720</b> | <b>31.858</b> | <b>9,0%</b> |
| Dagvinnulaun                          | 19.461        | 18.189        | 7,0%        |
| Yfirvinna                             | 3.330         | 2.982         | 11,7%       |
| Álagsgreiðslur og önnur laun          | 5.101         | 4.615         | 10,5%       |
| Launatengd gjöld                      | 6.827         | 6.071         | 12,5%       |
| Fjöldi starfsmanna á launum, meðaltal | 4.827         | 4.688         | 3,0%        |
| Ársverk (stöðugildi)                  | 3.752         | 3.667         | 2,3%        |

Launagjöld hækkuðu um 9,0% á milli árána 2013 og 2014. Dagvinnulaun hækkuðu um 7,0%, en yfirvinna hækkaði um 11,7%. Álagsgreiðslur og önnur laun hækkuðu um 10,5% en launatengd gjöld um 12,5%.

Starfsmönnum fjölgaði um 3,0% en dagvinnustöðugildum um 2,3%. Hækkun fastra launa umfram fjölgun dagvinnustöðugilda er vegna hækkana samkvæmt eldri kjarasamningum og stofnanasamningum sem tóku gildi á árinu 2013 en mest þó vegna nýrra kjarasamninga á árinu 2014.

Yfirvinnulaun hækkuðu um 11,7% milli ára eða tæp 5 prósentustig umfram hækkun dagvinnulauna. Hækkunin stafar að langmestu leyti af aukningu á breytilegri yfirvinnu.

## Glæra 4

LANDSPÍTALI 

### ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR

|  | 2014          | 2013          | Mism.       |
|--|---------------|---------------|-------------|
| <b>Rekstrargjöld</b>                     | <b>12.167</b> | <b>11.730</b> | <b>3,7%</b> |
| Lækninga-, hjúkrunar- og rannsóknarvörur | 4.294         | 4.235         | 1,4%        |
| Lyf                                      | 1.672         | 1.588         | 5,3%        |
| Aðkeypt þjónusta og leigugjöld           | 3.523         | 3.237         | 8,8%        |
| Aðrir rekstrarliðir                      | 2.678         | 2.670         |             |

4

Rekstrargjöld, önnur en laun, hækkuðu um 3,7%. Kostnaður við innkaup lækninga-, hjúkrunar- og rannsóknarvara jókst um 1,4% og lyfjakostnaður um 5,3%. Þessi mikla hækkun á lyfjakostnaði stafar af einu mjög dýru lyfi við sjaldgæfum lífshættulegum sjúkdómi. Aðkeypt þjónusta og leigugjöld og aðrir rekstrarliðir hækkuðu samtals um 294 milljónir eða 5,0%. Þessi hækkun skýrist af allmörgum þáttum en tæplega helmingur hennar er vegna samnings við Ás styrktarfélag um rekstur sambýlis í Kópavogi þar sem áður var hæfingardeild Landspítala. Því er þar ekki um hreina gjaldaaukningu að ræða heldur tilfærslu milli liða. Að öðru leyti skýrist hækkun á þessum lið einkum af auknum

verkkaupum til minni háttar viðhalds á fasteignum sem og auknum kostnaði vegna sjúkraflutninga í kjölfar nýs samnings Sjúkratrygginga Íslands við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins.

## Glæra 5


| STOFNKOSTNAÐUR OG ENDURBÆTUR                            |              |              |
|---|--------------|--------------|
|   | 2014         | 2013         |
| Tækjakaup, meiriháttar                                  | 1.642        | 1.292        |
| Fossvogur, endurbætur utanhúss                          | 129          | 0            |
| Hringbraut aðalbygging, endurbætur utanhúss             | 58           | 103          |
| Gámaskrifstofur   | 110          | 0            |
| Hringbraut, endurbætur bráðalyfta                       | 75           | 0            |
| Landakot, endurbætur utanhúss                           | 75           | 0            |
| Endurbætur, geðdeildir                                  | 56           | 73           |
| Kjarnarannsóknarstofa, endurnýjun                       | 48           | 0            |
| Hringbraut, breytingar á húsnæði fyrir nýjan línuhraðal | 0            | 30           |
| Vífilsstaðir, endurbætur vegna opunar hjúkrunardeildar  | 0            | 25           |
| Fossvogur og Hringbraut, eldvarnir og aðgangsstýrikerfi | 0            | 36           |
| Annað   | 124          | 179          |
| <b>Samtals</b>  | <b>2.318</b> | <b>1.737</b> |

Á árinu 2014 var 1.642 milljónum króna varið til tækjakaupa en árið 2013 var þessi fjárhæð 1.292 milljónir. Hækkunin, sem nemur 27,1%, er vegna viðbótarfjármagns sem veitt var til tækjakaupa á fjárlögum ársins 2014. Auk þess bárust Landspítala ýmis tæki og búnaður að gjöf, sem ekki koma fram í reikningskilunum.

Til annars stofnkostnaðar og endurbóta var varið 676 milljónum króna en til samanburðar var á árinu 2013 varið til þessa liðar 445 milljónum. Á verðlagi hvors árs hækkaði þetta um 51,9% og er hækkunin vegna viðbótarfjármagns til meiri háttar viðhalds á fjárlögum 2014. Stærsti liðurinn voru endurbætur utanhúss vegna vatnsleka á Landspítala Fossvogi. Kostnaður vegna þessa nam tæplega 130 milljónum króna. Þá voru settar upp gámaskrifstofur á lóð Landspítala Hringbraut

til að losa rými fyrir sjúklinga inni á deildum. Kostnaður við það var 110 milljónir króna.


## Glæra 6



|                  | 2014   | 2013   |
|------------------|--------|--------|
| <b>Eignir:</b>   |        |        |
| Skammtímakröfur  | 1.417  | 1.545  |
| Birgðir          | 748    | 735    |
| <b>Skuldir:</b>  |        |        |
| Höfuðstóll       | -2.961 | -4.435 |
| Viðskiptaskuldir | 4.157  | 3.832  |

Skammtímakröfur eru 1.417 milljónir og hafa lækkað um 128 milljónir króna milli ára. Verðmæti birgða jókst úr 735 milljónum árið 2013 í 748 milljónir árið 2014 eða um 13 milljónir króna. Viðskiptaskuldir hafa hækkað úr 3.832 milljónum í 4.157 milljónir eða um 325 milljónir króna. Neikvæður höfuðstóll Landspítala var 4.435 milljónir árið 2013 en var 2.961 milljón króna í árslok 2014 þrátt fyrir hallarekstur á því ári. Breytinguna má rekja til viðbótarfjárheimildar í lokafjárlögum ársins 2012 sem staðfest var á árinu 2014 og kom til lækkunar á uppsöfnuðum rekstrarhalla.


## Glæra 7



Rekstrarniðurstöðu Landspítala árið 2014 þarf að skoða í samhengi við þróun opinberra útgjalda frá aldamótum. Tölurnar hér eru fengnar úr þjóðhagsreikningi og ársreikningum Landspítala og árið 2001 notað sem viðmið enda fyrsta heila árið í rekstri Landspítala eftir sameininguna. Á föstu verðlagi jukust útgjöld til allra þessara flokka jafnt og þétt frá 2001 til 2007; til menntamála (bláa línan), almannatrygginga og velferðarmála (bleika línan), heilbrigðismála almennt (svarta línan) og til Landspítala (rauða línan). Aukning útgjalda til Landspítala var þó talsvert minni hlutfallslega en til hinna flokkanna. Útgjöld til menntamála og heilbrigðismála almennt uxu enn frekar árið 2008 en eftir hrun drógust útgjöld vegna þessara flokka saman eins og við var að búast. Útgjöld til Landspítala árin 2010 til 2012 voru hins vegar LÆGRI en árið 2001 á föstu verðlagi og náðu ekki pari fyrr en árið 2013. Útgjöld til Landspítala jukust aftur á árinu 2014 en náðu þó ekki að vera sambærileg við árið 2002. Frá þeim tíma hefur Landspítali hins vegar tekið við auknum verkefnum svo sem rekstri Rjóðurs, réttargeðdeildar og öldrunarbiðdeildar á Vífilsstöðum auk sameiningar við sjúkrahússvið St.

Jósefsspítala. Rétt er að taka fram að í þessum samanburði hefur verið leiðrétt fyrir flutningi útgjalda vegna S-merktra lyfja frá LSH til Sí árið 2009.

## Glæra 8




Skoðum útgjöld til heilbrigðismála sérstaklega; þróun opinberra útgjalda til heilbrigðisþjónustu í heild (svarta línan), til sjúkrahúspjónustu almennt (græna línan) og til Landspítala (rauða línan). Á árunum 2001 til 2007 jukust útgjöld til allra flokkanna en mismikið. Árið 2008 hófst samdráttur útgjalda hvað Landspítala varðar en miðað við árið 2001 var hins vegar áfram aukið við gagnvart heilbrigðisþjónustu í heild, og til sjúkrahúspjónustu almennt. Eftir 2008 varð samdráttur í öllum þremur flokkunum en hlutfallslega mun meiri gagnvart LSH. Í samanburði við heilbrigðis- og sjúkrahúspjónustu almennt hófst samdráttur ríkisútgjalda til LSH fyrr, var hlutfallslega meiri og skilaði sér seinna til baka.



Samkvæmt þessum gögnum voru opinber útgjöld á föstu verðlagi til Landspítala árið 2014 nánast hin sömu og fyrstu ár aldarinnar eða fyrir ríflega áratug en mun minni en árin í aðdraganda hrunsins. Raunhæfur samanburður á fjárveitingum til heilbrigðisþjónustu verður að taka tillit til þjónustueftirspurnar og þeirra verkefna sem þarf að vinna hverju sinni.


## Glæra 9



Fyrir utan beinan tilflutning verkefna til LSH á tímabilinu þá hefur þörf fyrir þjónustu vaxið hröðum skrefum einkum vegna langvinnra sjúkdóma og öldrunar þjóðarinnar. Rannsóknir sýna að kostnaður við heilbrigðisþjónustu þeirra sem eru yfir 67 ára aldri er þre- til fimmfaldur á við kostnað í yngri aldurhópunum. Aukin tíðni langvinnra sjúkdóma leiðir einnig til verulegs kostnaðarauka - ekki síst meðal þeirra sem eldri eru. Íslendingar yfir 67 ára aldri eru nú 11,6% íbúa – og fjölgaði um 2,5% bara á árinu 2014. Þessi hópur stóð á bak við 53% legudaga á Landspítala

árið 2014 en þetta hlutfall jókst um 6% frá árinu áður. Níu af hverjum 10 einstaklingum yfir 67 ára aldri hafa einn eða fleiri langvinnan sjúkdóm.

## Glæra 10




Hér sjáum við hlutfallslega fjölgun landsmanna almennt (fjólubláa línan), fjölgun 67 ára og eldri (bláa línan) og loks sýnir gula línan fjölgun aldraðra, þ.e. 80 ára og eldri. Allt er þetta á sama tímabili og sýnt á sama skala og hlutfallsleg þróun fjárveitinga.

Nú má að sjálfsögðu ekki gera ráð fyrir að útgjöld til heilbrigðismála fylgi fjölgun og öldrun eftir að fullu. Því hefur engin þjóð efni á. En ef mismunurinn verður of mikill til að raunhæfar hagræðingaraðgerðir dugi þá hlýtur niðurstaðan að verða annað hvort skert þjónusta eða hallarekstur þegar hagræðingaraðgerðir duga ekki

lengur til að mæta svo hröðum vexti eftirspurnar. Aukning eftirspurnar án raunhæfrar þróunar fjárveitinga og þjónustuframboðs samhliða, leiðir meðal annars til truflana á flæði eins og forstjóri lýsti hér áðan.


## Glæra 11



Eins og ýmsir hafa bent á eru Íslendingar tiltölulega ung þjóð í dag en meðalaldur hækkar hins vegar mjög hratt enda er okkar eftirstríðsárakynslóð hlutfallslega meðal hinna stærstu í Evrópu, ef ekki sú stærsta. Á myndinni eiga dökkbláu línurnar tvær við okkur Íslendinga. Samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofu mun heildaríbúafjöldi aukast um 18% fram til ársins 2030 (neðri bláa línan) en þeim sem eru yfir 67 ára mun fjölga um 70% (efri bláa línan). Einhverjum kann að finnast árið 2030 langt undan en þangað til eru aðeins 15 ár sem er sami tími og við höfum verið að skoða hér í okkar samanburði á tölum. Í Svíþjóð og Danmörku mun eldri borgurum einnig fjölga meira en íbúum almennt en munurinn er miklu minni en á Íslandi.

Það að meðalaldur er enn tiltölulega lágur á vissulega að stuðla að lægri kostnaði við heilbrigðisþjónustu landsins í heild. Staðreyndin er hins vegar sú að aldursdreifing þeirra sem leggjast inn á Landspítala er sambærileg því sem gerist í okkar nágrannalöndum þar sem meðalaldur er hærri.

## Glæra 12



Rétt og skylt er að halda því til haga að þó opinber útgjöld til Landspítala árið 2014 hafi ekki alveg náð útgjöldum fyrstu ára aldarinnar á föstu verðlagi þá hafa ríkisframlög á allra síðustu árum vissulega verið aukin frá því sem minnst var í kjölfar kreppunnar, bæði til rekstrar og tækjakaupa, eins og sést hér á rauðu línunni fyrir árin 2013 og 2014. Þessi viðsnúningur er ákaflega þýðingarmikill og ber að virða.

Aukning eftirspurnar hefur þó verið mun meiri en sem nemur auknum framlögum til rekstrar eins og áður hefur verið lýst. Hins vegar hefur aukið tækjakaupafé gert spítalanum kleift að endurbæta mjög sinn tækjakost þótt enn sé þar verulegt verk að vinna ef á að takast að tækjavæða háskólasjúkrahús okkar til jafns við sambærilegar stofnanir erlendis. Rétt er að taka fram að tækjakaupafé er meðtalið í framlögum til Landspítala eins og það er sýnt á myndinni.

Sameining bráðastarfsemi Landspítala við Hringbraut sem nú er í sjónmáli hefur geysilega þýðingu fyrir alla heilbrigðisþjónustu á Íslandi, einkum þjónustu spítalans og fjárhagslega afkomu. Sú framkvæmd er, að mati erlendra sérfræðinga, líklega stórvirkasta mótvægisaðgerð sem völ er á til að stemma stigu við vaxandi kostnaði við heilbrigðisþjónustu. Auk þess er hún löngu tímabær miðað við ástand húsnæðis, umfang þjónustunnar og þann flæðisvanda sem af því hlýst eins og margoft hefur komið fram. Það er mikið í húfi fyrir notendur, veitendur og greiðendur þjónustunnar að þessi framkvæmd tefjist ekki heldur haldi áfram á þeirri braut sem heilbrigðisráðherra hefur markað.

## **Glæra 13 – lokaglæra**

